

## GJALDSKRÁ

**fyrir hreinsun og losun rotþróa í Húnaþingi vestra.**

1. gr.

Fyrir hreinsun og losun rotþróa í Húnaþingi vestra skal húseigandi greiða árlegt gjald, rotþróargjald, skv. gjaldskrá þessari, sbr. 11. gr. samþykktar um rotþrær og siturlagnir fyrir Húnaþing vestra nr. 910/2004.

2. gr.

Rotþróargjald árið 2012 skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0-2.000 lítra	kr.	7.194 pr. þró
Rotþró 2.001-4.000 lítra	kr.	8.609 pr. þró
Rotþró 4.001-6.000 lítra	kr.	10.260 pr. þró
Rotþró 6.001 lítra og stærri	kr.	2.712 pr./m <sup>3</sup>

Gjald miðast við að barkalengd hreinsibíls sé 50 metrar eða minni.

Fyrir barkalengd umfram 50 metra skal eigandi greiða sérstaklega skv. reikningi.

3. gr.

Fyrir aukalosun skal innheimta gjald þó aldrei hærra en nemur kostnaði við losun og förgun.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af sveitarstjórn Húnaþings vestra 30. nóvember 2011, með stöð í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og á grunni samþykktar um rotþrær og siturlagnir fyrir Húnaþing vestra nr. 910/2004, öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum. Gjaldskrá nr. 295/2011 fellur úr gildi á sama tíma.

*Hvammstanga, 17. febrúar 2012.*

**Skúli Þórðarson** sveitarstjóri.